



HRUNAMANNAREPPUR

4. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 11. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN FÖSTUDAGINN

7. SEPTEMBER 2018

KL. 09.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2018, þann 7. september kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 9.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Yfirlit yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 8 mánuði ársins.**

Sveitarstjóri fór yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 8 mánuði ársins. Rekstur sveitarfélagsins er að mestu á áætlun en ljóst er að álag er á einstaka liði sem kalla á viðauka.
- 2. Hrunaljós: Framkvæmdaáætlun.**

Oddviti kynnti stöðu framkvæmda við lagningu ljósleiðara á vegum Hrunaljóss. Framkvæmdum miðar vel og sett hefur verið upp verkplan sem miðast við að hægt sé að klára verkið á árinu 2018 ef veður leyfir. Fyrir liggur að þar sem ekki fengust styrkir frá Fjarskiptasjóði fyrir árið 2018 þurfi að fjármagna verkefnið sérstaklega ef eigi að klára það á þessu ári. Sveitarstjórn samþykkir að klára verkefnið á árinu 2018 og fjármagna kostnað vegna þess. Að öðru leyti er vísað til viðauka við fjárhagsáætlun skv. lið 3 hér að neðan.
- 3. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2018.**

Oddviti kynnti viðauka við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2018. Gert er ráð fyrir að tekjur hækki um kr. 20.000.000 og útgjöld um kr. 27.410.000. Einnig er um að ræða færslu milli fjárfestingarverkefna, fjárfestingar verði auknar talsvert í Hrunaljósi til að hægt sé að klára verkefnið á árinu og auk þess sem gert er ráð fyrir auknum tekjum tengigjalda. Þá þarf að gera ráð fyrir fjármögnun lífeyrisskuldbindinga vegna Brúar lífeyrissjóðs. Skv. þessu er gert ráð fyrir að rekstrarhagnaður sveitarfélagsins verði eftir þessar breytingar kr. 48.081.000 í stað 57.191.000. Nettóútgjaldaaukningu er mætt með lækkun á handbæru fé og lántökum. Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun 2018.
- 4. SASS: Plastlaus september.**

Oddviti kynnti átakið plastlaus september. Sveitarstjórn samþykkir að hvetja íbúa, fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins til að taka þátt í verkefninu.
- 5. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um rekstarleyfi vegna Syðra-Langholts.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna beiðni Riding Tours South Iceland ehf um rekstarleyfi til gistingar vegna frístundahúss í Syðra-Langholti. Skv. aðalskipulagi Hrunamannahrepps er umrætt frístundahús ekki á skipulögðu frístundasvæði heldur hluti af bæjartorfunni í Syðra-Langholti. Sveitarstjórn samþykkir því fyrir sitt leyti beiðni um rekstarleyfi.
- 6. Verndarsjóður Skálholtsdómkirkju: Styrkbeiðni.**

Oddviti kynnti beiðni frá Verndarsjóði Skálholtsdómskirkju vegna viðgerða á kirkjunni. Sveitarstjórn vísar málinu til Oddvitanefndar Uppsveita.
- 7. Sandskarð: Beiðni um breytingu á aðalskipulagi.**

Oddviti kynnti beiðni frá eigendum Sandskarðs á Flúðum að aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 verði breytt þannig að Sandskarð, sem er 11.485m² spilda, verði breytt úr landbúnaðarlandi yfir í íbúðabyggð. Landspildan er við Langholtsveg og í tengslum við land sem Hrunamannahreppur á og tengist íbúðabyggð við Vesturbrún á Flúðum. Þá liggur einnig fyrir beiðni umsækjanda

um samstarf við Hrunamannahrepp vegna deiliskipulagsvinnu svæðisins í tengslum við samliggjandi land við Sandskarð sem sveitarfélagið á og liggur að götunni Vesturbrún á Flúðum.

Sveitarstjórn telur eðlilegt að samhliða þessu erindi verði samliggjandi landi í eigu sveitarfélagsins sem snýr að Vesturbrún á Flúðum breytt úr landbúnaðarlandi í íbúðabyggð þannig að samfella verði við núverandi íbúðabyggð á Flúðum. Þá lýsir sveitarstjórn einnig áhuga sínum á að farið verði í sameiginlega vinnu við deiliskipulagsgerð vegna svæðisins með eigendum Sandskarðs.

Sveitarstjórn samþykkir að gerð verði breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, sbr. ofangreinda beiðni vegna Sandskarðs, þar sem óskað er eftir að breyta 11,48 ha spildu landbúnaðarlands í íbúðabyggð og samþykkir jafnframt að samliggjandi landi Hrunamannahrepps milli Sandskarðs og Vesturbrúnar verði breytt í aðalskipulagi úr landbúnaðarlandi í íbúðabyggð. Mælt er til að tillagan fái meðferð skv. 1. mgr. 36. gr. sem vísar til meðferðar skv. 30.-32. gr. í skipulagslögum nr. 123/2010. Mælt er með að deiliskipulagstillaga fyrir svæðið verði auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu, skv. 1.mgr. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

8. Efra-Langholt: Beiðni um breytingu á aðalskipulagi.

Oddviti kynnti að nýju beiðni frá eigendum Efra-Langholts um að aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 verði breytt þannig að 10 ha spilda úr jörðinni verði breytt úr landbúnaðarnotkun í frístundasvæði þar sem gert væri ráð fyrir 10 frístundahúsalóðum. Spildan afmarkast af Langholtsvegi og liggur að frístundalóðum að Sunnuholti 1-3, landi Lindarsels og Efra-Langholti. Svæðið kæmi til stækkunar á núverandi frístundasvæði F16 í gildandi aðalskipulagi. Spildan er að hluta skilgreind sem landbúnaðarlandi í flokki 1 og 3 í aðalskipulaginu. Við nánari skoðun og greiningu svæðisins má fallast á að landið eigi að flokkast undir landbúnaðarland í flokki 2 og 3. Þá liggur svæðið einnig að öðrum frístundasvæðum sem mynda samfellu.

Sveitarstjórn samþykkir að gerð verði breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 sbr. ofangreinda beiðni vegna Efra-Langholts, þar sem óskað er eftir að 10 ha spilda verði breytt úr landbúnaðarlandi í frístundabyggð. Mælt er til að tillagan fái meðferð skv. 1. mgr. 36. gr. sem vísar til meðferðar skv. 30.-32. gr. í skipulagslögum nr.123/2010. Mælt er með að deiliskipulagstillaga fyrir svæðið verði auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu, skv. 1.mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

9. Laufskálar ehf: Beiðni um breytingar á aðalskipulagi.

Oddviti kynnti að nýju beiðni frá Laufskálum ehf um breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 vegna lóðarinnar Grafarbakka II, spilda 1, landnúmer 208830 þar sem óskað er eftir því að norðurhluta lóðarinnar verði breytt úr landbúnaðarlandi í afþreyingar- og ferðamannasvæði. Nú liggja fyrir frekari upplýsingar frá umsækjanda um ætlaða notkun á svæðinu en það yrði hugsað til að reka ferðapjónustu með ferðavagnastæðum, mini-golfvelli, smáhýsum og þjónustuhúsum.

Sveitarstjórn samþykkir að gerð verði breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 sbr. ofangreinda beiðni vegna Grafarbakka II spilda 1, landnúmer 208830, þar sem óskað er eftir að spildunni verði breytt úr landbúnaðarsvæði í afþreyingar- og ferðapjónustusvæði. Mælt er til að tillagan fái meðferð skv. 1. mgr. 36. gr. sem vísar til meðferðar skv. 30.-32. gr. í skipulagslögum nr.123/2010. Mælt er með að deiliskipulagstillaga fyrir svæðið verði auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu, skv. 1.mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

10. Námskeið fyrir nefndarfolk í Hrunamannahrepps.

Oddviti kynnti námskeið sem haldið verður fyrir aðal- og varamenn í nefndum Hrunamannahrepps mánudaginn 17. september n.k.

11. Breytingar á nefndarskipan í nefndum Hrunamannahrepps.

Oddviti kynnti breytingar sem þarf að gera á nefndum Hrunamannahrepps. Daði Geir Samúelsson hefur óskað eftir leyfi sem formaður umhverfisnefndar fram að áramótum. Sveitarstjórn samþykkir að skipa Valdísi Magnúsdóttur formann fram að áramótum og Unnsteinn Logi Eggertsson komi inn í umhverfisnefnd sem varamaður. Þá skipar sveitarstjórn Elmu Jóhannsdóttur sem varamann í lýðheilsu- og æskulýðsnefnd í stað Jónínu Sif Harðardóttur. Þá skipar sveitarstjórn Hönnu Björk Grétarsdóttur í stað Írisar Drafnar Kristjánsdóttur sem

aðalmann í skólanefnd og Jón Bjarnason í stað Ástu Rúnar Jónsdóttur sem varamann í skólanefnd.

12. Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Tillögur um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Oddviti kynnti erindi frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu um tillögur um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til umfjöllunar í Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd.

13. Álaug ehf: Tilboð vegna Hverahólma.

Oddviti kynnti erindi frá Álaug ehf þar sem óskað er eftir að gerð verði viljayfirlýsing vegna mögulegra kaupa Álaugar ehf á 39,32% eignarhlut sveitarfélagsins í Hverahólmanum. Sveitarstjórn samþykkir að vinna áfram að málinu og ræða við sameigendur að svæðinu um framhald málsins.

14. Fasteignamat 2019.

Oddviti kynnti breytingar sem hafa orðið á fasteignamati milli árána 2018 og 2019. Fram kom að fasteignamat á húsnæði hefur hækkað um 11,7% og landverð um 11,2% milli ára.

15. Flugvallarvegur 1, Flúðum: Erindi.

Oddviti kynnti erindi frá Úlfari Harðarsyni vegna fyrirhugaðrar byggingar á verslunarmiðstöð að Flugvallarvegi 1 á Flúðum. Óskað er eftir afstöðu sveitarfélagsins til þess að koma upp sýningaraðstöðu í húsinu t.d. vegna sögu Fjalla-Eyvindar o.fl. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til umfjöllunar í atvinnu-, ferða- og menningarnefnd.

16. Erindi frá D-lista sjálfstæðismanna og óháðra: Lækkun leikskólagjalda.

Oddviti kynnti erindi frá D-lista sjálfstæðismanna og óháðra um að leikskólagjöld verði lækkuð um a.m.k. 30% og tekið verði tillit til þess við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til skólanefndar.

17. Hrepphólar: Vegamál.

Oddviti kynnti erindi frá eigendum Hrepphóla og Hrepphóla 2 þar sem óskað er eftir því að syðri afleggjari að Hrepphólum verði tekinn inn á vegaskrá hjá Vegagerðinni. Ástæðan er m.a. að vegurinn er aðkeyrsla að nýju húsi í Hrepphólum, vegurinn er notaður af skóla- og mjólkurbílum og þá er vegurinn aðkoma að Hrepphólakirkju þegar nyrðri leið að kirkjunni er lokuð vegna snjóá að vetrarlagi. Þá liggur fyrir bréf frá sóknarnefnd Hrepphólakirkju þar sem óskað er eftir því að umræddur vegur verði tekinn inn á vegaskrá. Sveitarstjórn tekur undir rök umsækjanda og sóknarnefndar Hrepphólakirkju og samþykkir fyrir sitt leyti að vegurinn verði tekinn inn á vegaskrá.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

18. Atvinnu, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 2. fundar 9. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar atvinnu, ferða- og menningarnefndar. Þar var fjallað um atvinnu- og lóðamál í sveitarfélaginu og kynningarmál rædd. Þá var fjallað um verslunarmannahelgina og hvernig tókst til. Farið var yfir skipulagningu á Uppskeruhátíðinni 1. september og síðan var fjallað um ferðir og upplýsingar fyrir ferðamenn í sveitarfélaginu. Rætt var um skipulag gönguferða og þá var fjallað um vetrarstæði fyrir ferðamenn á bílum. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

19. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 2. fundar frá 15. júlí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar landbúnaðarnefndar. Þar var fjallað um vegamál á afréttinum og girðingarmál. Þá var farið yfir fjallferð og þann undirbúning sem þarf að fara fram. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

20. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 3. fundar frá 13. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar landbúnaðarnefndar. Þar kom fram að búið er að skipa nýjan fjallkóng. Þá var farið yfir skipulag fjallferðar og það sem þarf að hafa í huga varðandi undirbúning hennar. Þá var fjallað um leitir og fjallskilafund. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

21. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 1. fundar frá 22. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar. Þar skipti nefndin með sér verkum og farið yfir störf nefndarinnar. Þá var fjallað um óskir starfsfólks Flúðaskóla um niðurgreiðslur í sund- og tækjasal en nefndin telur erindi þetta verði skoðað samhliða verkefninu um heilsueflandi samfélag. Þá er lagt til að Hrunamannahreppur fari í verkefnið heilsueflandi samfélag og hefji

undirbúningsvinnu við það. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og að hefja undirbúningsvinnu við verkefnið heilsuefandi samfélag.

22. Skólanefnd: Fundargerð 1. fundar vegna Flúðaskóla frá 4. september.

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla. Þar var fjallað um hlutverk og verksvið skólanefnda. Þá voru undirrituð trúnaðarbréf og rætt um erindisbréf skólanefndar. Þá var fjallað um námskeiðshald fyrir skólanefndir á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og erindið göngum í skólann. Þá var farið yfir eftirfylgni við ytra mat á Flúðaskóla. Fjallað var um skóladagatal 2018-2019 og hönnunarvinnu á skólalóð. Fundartími og fyrirkomulag vistunar fundargagna skólanefndar rædd og fjallað um uppsögn vegna skólaakstur á einni leið. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

23. Skólanefnd: Fundargerð 2. fundar vegna Undralands frá 4. september.

Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar skólanefndar vegna Undralands. Þar var fjallað um hlutverk og verksvið skólanefnda. Þá voru undirrituð trúnaðarbréf og rætt um erindisbréf skólanefndar. Þá var fjallað um námskeiðshald fyrir skólanefndir á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjallað um skóladagatal 2018-2019. Þá var farið yfir eftirfylgni við ytra mat vegna Undralands og farið yfir breytingar á leikskólalóð. Þá var fundartími og fyrirkomulag vistunar fundargagna skólanefndar rædd, fjallað um vistunargjöld og veikindaleyfi starfsmanns. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita Árnessýslu:

24. Fundargerð 160. fundar skipulagsnefndar frá 10. ágúst s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 27. júní og 18. júlí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 160. fundar skipulagsnefndar frá 10. ágúst og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 27. júní og 18. júlí s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 32. Afgreiðslur byggingafulltrúa frá 27. júní s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 27. júní.

Mál nr. 33. Afgreiðslur byggingafulltrúa frá 18. júlí s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 18. júlí.

25. Fundargerð 161. fundar skipulagsnefndar frá 22. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 161. fundar skipulagsnefndar frá 22. ágúst. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 10. Efra-Sel. Deiliskipulag vegna ferðapjónustu.

Lögð fram að lokinni kynningu á lýsingu samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, deiliskipulagstillaga sem nær til 2,8 ha svæðis á Efra-Seli, sem afmarkast af landmörkum milli Syðra-Sels og Efra-Sels til vesturs. Innan reitsins er gert ráð fyrir uppbyggingu hótels en fyrir er golfskáli með veitingasal, tvær skemmur og fjögur íbúðarhús. Umsögn Skipulagsstofnunar dags. 20. júní 2018 liggur fyrir.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að tillagan verði kynnt skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 11. Melar. Deiliskipulagsbreyting vegna miðsvæðis Flúða.

Lögð var fram að lokinni auglýsingu samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir miðsvæði og garðyrkjulóðir á Flúðum. Um er að ræða 2,6 ha land úr Hrafnkelsstöðum 2, sem nú tilheyrir gróðrarstöðinni Melum. Áætlað er að reisa þar allt að þrjú starfsmannahús fyrir starfsfólk. Hluti þessa lands var innan deiliskipulagsmarka fyrir breytingu en nú er áætlað að hafa allt landið innan deiliskipulagsmarka. Vegtengin við þjóðveg breytist lítillega og vegir innan lóðamarka breytast. Byggingarreitir gróðurhúsa á lóð Hrafnkelsstaða 2 breytist og færast til en byggingarheimild helst óbreytt. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að deiliskipulagsbreytingin verði send Skipulagsstofnun en engar athugasemdir hafa borist og umsagnir liggja fyrir frá Minjastofnun, Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

26. Oddvitanefnd UTU. Fundargerð frá 10. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð oddvitanefndar UTU frá 10. ágúst s.l. Farið var yfir stöðu á hreinsibifreið og hvernig gengi með tæmingu á rotþróm í sveitarfélögunum. Þá var rætt um næstu skref í verkefninu og mögulega uppbyggingu á Seyrustöðum á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 189. fundar frá 23. ágúst s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. Brunavarnir Árnæssýslu: Fundargerð 1. fundar stjórnar frá 24. ágúst s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. SASS: Fundargerð 535. stjórnarfundar frá 15. ágúst s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- d. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 1. fundar stjórnar frá 28. ágúst s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- e. Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Fulltrúi í lýðheilsu- og æskulýðsnefnd Hrunamannahrepps vegna málefna félagsmiðstöðvarinnar Zero.**
Lagt fram til kynningar.
- f. Hrunaljós: Verkfundargerð frá 1. ágúst s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. Félag hópferðaleyfishafa.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- h. Skipulagsdagurinn 20. september n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- i. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga Akureyri 23. – 28. september.**
Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

- j. Rarik: Ferð stjórnar um Suðurland.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 12:30.